



HAFNARSVÆÐI Í KROSSANESI, AKUREYRI

BREYTING: Ný lóð undir sementssíló og bílavog




Gildandi skipulag



Gildandi aðalskipulag, mkv. 1:10.000

SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk, svæðamörk
- Lóðarmörk sem falla úr gildi
- Byggingarreitir fyrir hús og tanka
- Leiðslur, dælulagnir
- Kvöð um umferð
- Kvöð um lagnir innan lóða
- | | | | |
|-----|----|------------------|--------------------------|
| H | 10 | Starfsemi | Mesta veggshæð langhlíða |
| 0,0 | 25 | Nýtingarhlutfall | Hámarkshæð mannvirkja |
- Óbyggð svæði
- Skráðir minjastaðir, varúðarsvæði
- Hafnsækin starfsemi, iðnaður, birgðastöðvar
- Lóðir og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar
- Hafnarbakkar, umferðarsvæði, þjónustusvæði
- Veitumannvirki
- Gatnakerfi
- Landfyllingar
- Núverandi byggingar
- Byggingar sem heimilt er að fjarlægja



Breytt skipulag

Mkv.: 1:2.000

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að deiliskipulagi hafnarsvæðis í Krossanesi verði breytt eftirfarandi hátt.

Breyting er gerð vegna umsóknar Skútabergrs ehf. um lóð undir sementssíló, asfalttank og bílavog á hafnarsvæðinu í Krossanesi. Með umsókn fylgir tillaga HSÁ teiknistofu um útfærslu lóðar og mannvirkja. Skipulagsnefnd samþykkti 9.8.2023 að láta vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis í Krossanesi til samræmis við umsóknina.

Afmörkuð er ný lóð fyrir birgðastöð og bílavog á norðurjaðri hafnarsvæðisins. Lóðin verður að hluta á fyrirhugaðri landfyllingu sem gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi. Aðkoma að lóðinni verður um lóð 1.03 og 1.04.

Breyting á skipulagsupprætti

- Ný lóð 1.12 er afmörkuð að hluta á fyrirhugaðri landfyllingu á norðurjaðri hafnarsvæðisins. Byggingarreitur er afmarkaður fyrir mannvirki (síló og vog). Nýtingarhlutfall 0,4, hámarkshæð mannvirkja 30 m.
- Lóð 1.04 er skert um 54 m².
- Skilgreind er lega löndunarlagna fyrir sement og asfalt.
- Kvöð um fráveitulagnir, vatnslagnir og raflagnir er sett á lóðir 1.04, 1.05, 1.08 og 1.09.
- Kvöð um umferðarrétt/aðkomuleið að nýrri lóð og hafnarbakka er sett á lóð 1.04.
- Þjónustu- og umferðarsvæði hafnarinnar 1.11 er minnkað.

Breyting á greinargerð

Kafli 3.2.2 Hafnsækin starfsemi, iðnaður, birgðastöðvar - I:

Línu fyrir nýja lóð 1.12 er bætt í yfirlitstöflu.

- Stærð 0,22 ha.
- Starfsemi: Sement- og asfaltbirgðastöð og bílavog.
- Skipulagsákvæði: Lóð fyrir sementssíló, asfaltgeymi og bílavog. Sjóvarnargarður norðan lóðarinnar verður að hluta innan lóðamarka.

Umhverfismatsskýrsla

Allt skipulag fellur undir ákvæði laga nr. 111/2011 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Ný lóð hefur áhrif á umferðarsvæði hafnarinnar á norðurjaðri hafnarsvæðisins og verður aðkoma að ysta hluta þess um lóðir 1.03 og 1.04.

Breytingin hefur hvorki áhrif á náttúrulegt umhverfi né menningarmínjar. Um er að ræða raskað svæði og hluta landfyllingar, sem gert er ráð fyrir í aðal- og deiliskipulagi.

Áætlað efnismagn í stækkun landfyllingar er um 25.000 m³. Efnid verður fengið úr námu með starfsleyfi á Moldhaugnahálsi. Hluti varnargarðs verður myndaður með steypum vegg við lóðarmörk sem mun þjóna sem olíugildra fyrir asfaltgeymi.

Kostagreining:

- Aðrar lóðir á hafnarsvæði: Núverandi lóðir voru hvorki hentugar af ýmsum áðum né aðgengilegar.
- Utan bæjarmarka: Fjarri höfn.
- Skv. tillögu: Nálægð við höfn/flutningsaðila, aðkoma leysanleg um aðliggjandi lóðir. Í samhengi við umhverfið.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem hlotið hefur meðferð skv. 1. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst

frá _____ til _____

var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar

_____ bæjarstjórinn á Akureyri

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar birtist í

B-deild Stjórnartíðinda _____

13.12.2023